

ÁRSSKÝRSLA
UMBOÐSMANNS BARNA
2005



*Ársskýrsla umboðsmanns
barna 2005*

Útgefandi:

Umboðsmaður barna
Laugavegur 13
101 Reykjavík
2006

Prentun og hönnun:

Leturprent

Til forsætisráðherra

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 83/1994 um umboðsmann barna hef ég látið taka saman skýrslu þessa um starfsemi embættisins á liðnu starfsári.

Þann 31. desember 2004 lét Þórhildur Líndal af störfum sem umboðsmaður barna, en hún var skipuð í það embætti fyrst allra frá 1. janúar 1995. Hún byggði starfsemi þess upp frá grunni og nýt ég þess að þar hefur verið vel að verki staðið. Þórhildur vann ötulgt og farsælt brautryðjandastarf í þágu íslenskra barna og fyrir það ber að þakka.

Undirrituð var skipuð umboðsmaður barna til fimm ára frá 1. janúar 2005. Í samræmi við lögbundið hlutverk embættisins var starfsemi þess í höfuðdráttum óbreytt á árinu 2005 frá því sem verið hefur. En eins og fram kom í athugasemdum með frumvarpi til laga um umboðsmann barna hlýtur starfsemi embættisins að mótast af þeim einstaklingi sem gegnir því á hverjum tíma. Áherslur og starfshættir munu því eflaust breytast. Starfsemi embættisins á árinu 2005 markaðist nokkuð af því að ég var ný í starfi og kom að hreinu borði. Ég lagði áherslu á að heimsækja aðila sem vinna að hagsmunamálum barna, sækja fundi og ráðstefnur og byggja upp tengsl.

Ég hef ákveðið að breyta sniði og efnistöfum ársskýrslunnar og kemur þar margt til. Vinna við hana hefur verið tímafrek og útgáfan kostnaðarsöm. Jafnframt er til þess að líta að með tilkomu öflugri heimasíðu er unnt að koma á framfæri ítarlegum og góðum upplýsingum sem fyrri ársskýrslur hafa haft að geyma og það með mun skilvirkari og aðgengilegri hætti. Einnig hef ég horft til þess hvernig samsvarandi embætti í nágrannalöndum okkar standa að ársskýrslum sínum.

Skýrslan skiptist í tvo hluta. Fyrri hlutinn er um embættið, hlutverk þess og rekstur. Í öðrum hlutanum er fjallað um starfsemi þess á liðnu ári í stórum dráttum og nefnd dæmi um einstök verkefni sem unnið var að.

Reykjavík, 31. ágúst 2006



Ingibjörg Rafnar

Efnisyfirlit

I. UM EMBÆTTI UMBOÐSMANNS BARNA

Hlutverk

Skrifstofa og starfslið

Erindi

Heimasíða

II. STARFSEMI ÁRSINS

Fjölskyldumál og barnavernd

Skólamál

Heilbrigðismál

Börn og fjölmiðlar

Fjármál barna og aukin markaðssókn

Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur

Innlent samstarf

Erlent samstarf

Kynning og fræðsla

Útgefið efni

Stefnumótun í málefnum barna og unglunga

Viðauki



I. UM EMBÆTTI UMBOÐSMANNS BARNNA

Embætti umboðsmanns barna var stofnað með lögum, nr. 83/1994 og hóf starfsemi sína 1. janúar 1995. Skrifstofa embættisins er að Laugavegi 13, 2. hæð og er hún opin almenningi frá kl. 9 - 15 frá mánudegi til föstudags.

Hlutverk

Samkvæmt lögum um umboðsmann barna ber honum að vinna að bættum hag barna, standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra og vinna að því að tekið sé tillit til þeirra við lagasetningu, ákvarðanatöku og skipulagningu í þjóðfélaginu. Embættinu er m.a. ætlað að vekja athygli á réttinda- og hagsmunamálum barna á öllum sviðum samfélagsins, hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu um málefni þeirra og koma á framfæri tillögum til úrbóta á ákvæðum laga og fyrirmælum stjórnvalda er varða börn sérstaklega. Þá skal umboðsmaður barna stuðla að því að virtir séu þjóðréttarsamningar sem snerta réttindi og velferð barna og Ísland er aðili að og að réttarreglur er varða börn séu kynntar fyrir almenningi.

Umboðsmanni barna er ekki ætlað taka til meðferðar ágreining milli einstaklinga, hafa afskipti af málefnum einstakra barna sem eru til úrlausnar hjá stjórnvöldum eða dómstólum, eða láta í ljós álit sitt á því hvort stjórnvöld hafi brotið gegn lögum eða góðum stjórnsýsluháttum við meðferð einstakra mála. Honum ber hins vegar að leiðbeina þeim er til hans leita með slík mál um rétt þeirra og leiðir sem viðkomandi eru færar innan stjórnsýslu og hjá dómstólum.

Af framansögðu er ljóst að hlutverk embættis umboðsmanns barna er viðamikil og verksvið þess víðfeðmt. Hins vegar sníða fjárheimildir og fjöldi stöðugilda starfsemi þess þröngan stakk.

Skrifstofa og starfslið

Nýr umboðsmaður

Þann 31. desember 2004 lét Þórhildur Líndal af störfum sem fyrsti umboðsmaður barna á Íslandi eftir tíu ára starf. Við embættinu tók Ingibjörg Rafnar, fyrrverandi hæstaréttarlögmaður.

Starfsmenn

Við embætti umboðsmanns barna störfuðu á árinu þrjú starfsmenn að umboðsmanni meðtöldum. Nokkrar breytingar urðu á starfsliði á árinu 2005. Þann 1. maí hætti Ásta Sólveig Andrésdóttir, lögfræðingur, sem starfað hafði hjá embættinu frá ársbyrjun 2000. Við starfi hennar tók Sigríður Anna Ellerup lögfræðingur. Breyting varð á starfshlutfalli Auðar Kristínar Árnadóttur, sem starfað hefur sem fulltrúi við embættið frá ársbyrjun 2004, úr 100% stöðu í 85% stöðu.

Fjárhagur

Fjárheimild embættis umboðsmanns barna samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2005 nam 25,8 milljónum króna. Um 70 % rekstrarkostnaðar þess er launakostnaður. Biðlaun fyrrverandi umboðsmanns voru gjaldfærð á embættið en ekki hafði verið gert ráð fyrir þeim við afgreiðslu fjárlaga. Þar sem embættinu var ekki tilkynnt um að það fengi þennan útgjaldalið bættan fyrr en í febrúar 2006 var á árinu dregið úr ýmsum útgjöldum, m.a. aðkeyptri sérfræðiþjónustu, svo ekki yrði farið fram úr fjárheimildum fjárlaga. Í ársreikningi fyrir árið 2005 er þetta framlag fært á árið 2005 og er rekstrarniðurstaða embættisins jákvæð sem nemur ríflega því.


"Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst."

3. mgr. 76.gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944

Sáttmáli Sameinuðu Þjóðanna um réttindi barna gildir fyrir börn og unglínglinga yngri en átján ára.

Úr 1. gr. samnings Sameinuðu Þjóðanna um réttindi barnsins

Á meðfylgjandi mynd má sjá yfirlit yfir fjárheimildir fjárlaga frá árunum 2000 - 2005:



Erindi

"Ég óska eftir að barnasáttmálinn verði skrifaður á máli sem við sem eru ekki lögfræðingar eða einhvað þaðanaf verma skiljum!!! takk fyrir!"
15 ára drengur

"Börn 13-16 ára verða að vera komin inn kl. 24:00 eftir 1.mai til 1.september... En það er aldrei tekið fram hvenær má hleypa okkur aftur út!"
15 ára stúlka

"Það er ekki bara til unglingsvandamál heldur fullorðinsvandamál útaf því að þeir skilja okkur ekki því að þau eru annað að gera þegar við reynum að tjá okkur..."
15 ára stúlka


"Hæ, ég vil vita hvort börn eigi ekki rétt á því að vera á þeim stað sem þeim líður best."
16 ára stúlka

Dagleg störf á skrifstofu umboðsmanns barna ráðast að miklu leyti af þeim erindum sem berast í gegnum síma og tölvupóst. Erindi þessi eru af margvíslegum toga og eru það ýmist einstaklingar, stofnanir, félagsamtök eða fjölmiðlar sem til umboðsmanns leita eftir upplýsingum og ráðgjöf. Málaflokkarnir eru margir og fjölbreytilegir enda koma hagsmunir barna við sögu á flestum sviðum þjóðlífsins. Þó hafa ákveðnir málaflokkar skorið sig úr í gegnum tíðina varðandi fjölda erinda en það eru forsjár - og umgengnismál, barnaverndarmál, skólamál og heilbrigðismál.

Líkt og áður er vikið að er umboðsmanni barna ekki ætlað að taka til meðferðar ágreining milli einstaklinga. Stærstur hluti þeirra erinda, er berast embættinu símleiðis og í tölvupósti varða þó einstaklingsmál. Kappkostað er að veita þeim, sem leita til skrifstofunnar með sín mál, eins greinargóðar upplýsingar, leiðbeiningar og ráð og unnt er.

Skrifleg erindi

Skriflegum erindum hefur á síðustu árum fjölgað mikið en þeim er berast símleiðis fækkað nokkuð. Þetta má að nokkru leyti rekja til fjölgunar erinda sem berast með tölvupósti.




Á árinu 2005 bárust 352 skrifleg erindi sem aðallega voru frá einstaklingum en þó einnig frá stofnunum og félagsamtökum. Erindum sem embættinu berast á þennan hátt er reynt að svara svo fljótt sem auðið er.

Erindi frá börnum

Allt frá stofnun embættisins hefur verið lögð áhersla á það að ná til barna og unglinga til þess að heyra þeirra skoðanir og fá ábendingar um það sem betur má fara. Erindum frá börnum hefur fjölgað og verður að telja það mikilvægt fyrir embætti sem vinnur í þeirra þágu. Þegar börn leita til embættisins er ávallt reynt af fremsta megni að aðstoða þau og leiðbeina um hin ýmsu mál. Börn sem leita til embættisins geta rætt við umboðsmann og aðra starfsmenn í fullum trúnaði.

Erindi barnanna berast flest með tölvupósti, ýmist á netfang embættisins, ub@barn.is eða í gegnum "spurt og svarað" á heimasíðunni. Þegar erindi berst undir seinni liðnum getur barn ráðið því hvort svar við því birtist á heimasíðunni www.barn.is eða hvort viðkomandi fái sent persónulegt svar á netfang sitt. Ekki er farið fram á að börn gefi upp nafn eða aðrar persónulegar upplýsingar um sig. Svör við spurningum frá börnum og unglungum er hægt að lesa á heimasíðunni, undir liðnum "spurt og svarað".




Á árinu bárust 127 erindi frá börnum og voru þau flest tengd spurningum um réttindi þeirra. Skriflegum erindum frá börnum og unglungum fækkaði lítillega frá fyrra ári, en þá höfðu erindin u.þ.b. fjórfaldast. Þá fjölgun má líklega rekja til öflugrar kynningar á heimasíðu embættisins www.barn.is snemma árs 2004.


Munnleg erindi

Símaerindi sem embættinu berast eru skráð sérstaklega og efnisflokkuð. Slíka skráningu verður að telja nauðsynlega því hún getur gefið ákveðna vísbendingu um hvar skórin krepur í málefnum barna og tilefni til aðgerða af hálfu embættisins.

Fjöldi munnlegra erinda 2000 - 2005



Á árinu bárust 731 munnlegt erindi og er hægt að merkja ákveðna fylgni milli fjölda erinda sem berast embættinu og kynningar á embættinu eða umfjöllunar í fjölmiðlum.



Heimasíða

Heimasíða embættisins www.barn.is hefur verið í stöðugri þróun frá því hún var opnuð árið 1998. Til að mæta þörfum upplýsingasamfélagsins er ljóst að allt viðmót síðunnar þarf að vera í stöðugri skoðun og endurnýjun.

Ný heimasíða

Á haustmánuðum 2005 var hafin vinna við gagngerar endurbætur á heimasíðunni, þar sem reynslan hefur sýnt að rík þörf er á góðum og aðgengilegum upplýsingum um lög og rétt er varða málefni barna. Ákveðið hefur verið að hafa heimasíðuna þrískipta, þ.e. barnasíðu, unglingsíðu og almenna upplýsingasíðu fyrir fullorðna, sem kemur til með hýsa enn meiri upplýsingar um hvaðeina er varðar börn, einkum þó réttindi þeirra og þá aðstoð og þjónustu sem þeim stendur til boða.

Heimasíðan er vettvangur fyrir börn og unglinga til þess að koma skoðunum sínum og ábendingum á framfæri og beina fyrirspurnum um réttindi sín til umboðsmanns. Á nýju síðunni verður liðnum "spurt og svarað" aldurskipt, þ.e. sér vettvangur fyrir börn og annar fyrir unglinga enda ljóst að áherslur og fyrirspurnir frá þessum tveimur aldursflokkum eru afar mismunandi.

Heimsóknir á heimasíðu

Heimsóknir á heimasíðu embættisins hafa aukist jafnt og þétt ár frá ári og voru þær að meðaltali 5017 á mánuði árið 2005. Í þessu samhengi er vert að geta þess að íbúar á Íslandi voru þann 31.12. 2005 299.891 og þar af börn undir 18 ára aldri 79.450.



II. STARFSEMI ÁRSINS

Lög um umboðsmann barna nr. 83/1994 kveða á um lögbundin verkefni hans. Eins og áður er að vikið ráðast störf embættisins nokkuð af þeim erindum sem því berast. Jafnframt hefur umboðsmaður barna frumkvæði að því að taka tiltekin mál til skoðunar. Engin tók eru á að gera grein fyrir öllum þeim verkefnum sem unnið er að á ári hverju en hér á eftir verður gerð grein fyrir fáeinum málaflokkum sem geta gefið nokkra mynd af starfsemi embættisins.

Fjölskyldumál og barnavernd

Mjög mörg þeirra einstaklingserinda sem berast embætti umboðsmanns barna varða forsjár- og umgengnismál. Eins og fyrr segir er umboðsmanni barna ekki ætlað að taka til umfjöllunar einstaklingsmál heldur fyrst og fremst að veita greinargóðar upplýsingar um réttarstöðu viðkomandi og um þær leiðir sem færar eru innan stjórnslu og hjá dómstólum. Ótvírætt er að rík þörf er á góðum aðgangi að upplýsingum og leiðbeiningum um efni og réttaráhrif barnalaga eins og umboðsmaður barna hefur oft bent á. Á síðustu misserum hefur nokkuð verið komið til móts við þarfir almennings í þessum efnum, sbr. upplýsingaefni á heimasíðu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og vef sýslumanna.¹

Forsjár- og umgengnismál

Mikil umræða var um forsjármál á árinu 2005. Lokaskýrsla svokallaðrar forsjárnefndar var kynnt á fundi sem dómsmálaráðherra boðaði til í apríl, en áður hafði nefndin skilað áfangaskýrslu í júní 1999. Nefndin lagði m.a. til að sameiginleg forsjá yrði gerð að meginreglu við skilnað eða samvitaslit.² Á fundinum kom umboðsmaður barna á framfæri sjónarmiðum sínum og ábendingum vegna skýrslunnar að beiðni ráðuneytisins. Umboðsmaður barna fagnaði skýrslunni og lagði m.a. á það áherslu að brýnt væri að bæta úr og samræma tölvuskráningu sýslumannsembættanna á málum þeim sem til afgreiðslu og úrskurðar koma í sífjaldum þeirra. Jafnframt væri æskilegt að dómsmálaráðuneytið birti úrdrætti úr úrskurðum sínum, þó þannig að ekki væri hægt greina hvaða einstaklingar ættu í hlut. Slík birting myndi stuðla að samræmri

frumkvæmd laganna.

Á haustdögum lagði dómsmálaráðherra fram frumvarp til laga um breytingar á nokkrum lögum á sviði sífjáréttar – sameiginlega forsjá barns o.fl., þar sem teknar voru upp nokkrar af tillögum forsjárnefndar.

Í umsögn sinni til allsherjarnefndar Alþingis dags. hinn 1. desember lýsti umboðsmaður barna yfir stuðningi við frumvarpið í meginatriðum en taldi nauðsynlegt að inntak sameiginlegrar forsjár yrði skilgreint nánar (þ.e. hvaða réttaráhrif það hafi, hvíli forsjá barns sameiginlega á herðum beggja foreldra) einkum þar sem lagt var til í frumvarpinu að sameiginleg forsjá verði meginreglan við skilnað eða samvitaslit. Jafnframt væri rétt að gera ráð fyrir að leggja þurfi fram skriflegan samning um umgengni til staðfestingar sýslumanns.³

Barnavernd

Barnaverndarmál af margvíslegum toga hafa komið inn á borð hjá embættinu í gegnum tíðina og var engin undantekning þar á árið 2005.

Markmið barnaverndar er að tryggja börnum viðunandi uppeldisskilyrði. Barnaverndaryfirvöldum ber í störfum sínum að styrkja uppeldislutverk fjölskyldunnar, aðstoða foreldra við að gegna foreldraskyldum sínum en grípa til viðeigandi úrræða ef foreldrar bregðast eða ef barn er í hættu vegna eigin hegðunar. Barnaverndarkerfið er því gríðarlega mikilvægur þáttur í því öryggisneti sem ætlað er halda utan um hagsmuni barna. Í ljósi þessa óskaði umboðsmaður barna þegar í janúar eftir því að fá að heimsækja Barnaverndarstofu,

"Börn eiga rétt á vernd og umönnun. Þau skulu njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska."

1. mgr. 1. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002

Peir sem taka ákvarðanir í málum sem varða börn eiga fyrst og fremst að hugsa um hvað börnum er fyrir bestu.

Úr 3. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins

"Forsjá barns felur í sér skyldu foreldra til að vernda barn sitt gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi."

2. mgr. 28. gr. barnalaga nr. 76/2003

1. Sjá www.domsmlaraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/barnamal, www.sylumadur.is, www.sylumenn.is

2. Á heimasíðu dómsmálaráðuneytisins er hægt að nálgast skýrsluna; www.domsmlaraduneyti.is/media/Skyrslur/Forsjarnefnd-lokaskyrsla.pdf

3. Hægt er að nálgast umsögnina á heimasíðu embættisins www.barn.is undir liðnum lög og reglur.

Hafi barn verið beitt ofbeldi ber að hjálpa því og styðja það til nýs og betra lífs.

Úr 19. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins

Öll börn eru jöfn. Það má ekki mismuna börnum, t.d. vegna útlits, uppruna eða trúar.

Úr 2. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins

Tryggja ber að flóttabörnum líði vel.

Úr 22. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins

sem fer með stjórn barnaverndarmála í umboði félagsmálaráðuneytisins. Á árinu átti umboðsmaður barna nokkra fundi með starfsmönnum hennar sem og framkvæmdastjóra barnaverndarnefndar Reykjavíkur, m.a. til að ræða aðgang barnanna sjálfra að barnaverndarkerfinu, hvort ákvæði barnaverndarlaga um tímafresti væru virt og hvernig eftirliti með starfi barnaverndarnefnda væri háttað.

Kynferðisofbeldi gegn börnum

Í júlí barst embættinu erindi frá Neyðarmóttöku vegna nauðgana (Landsspítala háskólasjúkrahúsi) þar sem vakinn var athygli umboðsmanns barna á að þjónustu við ung börn sem beitt hafi verið kynferðislegu ofbeldi væri að ýmsu leyti ábótavant. Á þeim tíma lágu niðri lækni- og sálfræðingarnir á börnum í Barnahúsi vegna deilna um launagreiðslur. Í kjölfar erindisins heimsótti umboðsmaður barna bæði Neyðarmóttökuna og Barnahús og kynnti sér starfsemi þeirra og verkferli.

Í framhaldinu átti umboðsmaður barna fund með forstjóra Barnaverndarstofu, sem rekur Barnahús. Þann 23. nóvember var haldinn fundur á skrifstofu Barnaverndarstofu þar sem saman voru komnir auk fulltrúa Barnaverndarstofu og Barnahúss, umboðsmaður barna og fulltrúar Barnaverndar Reykjavíkur, Lögreglustjórans í Reykjavík, Ríkissaksóknara og Ríkislögreglustjóra. Á fundinum var m.a. farið yfir ýmsar málsmeðferðarreglur, bæði hjá barnaverndaryfirvöldum og hjá réttarvörslukerfinu, hvaða leiðir væri unnt að fara til að bæta vinnslu þessara mála og hvernig tryggja mætti nauðsynlegt samstarf þeirra aðila sem að málunum koma. Taldi hópurinn rétt að gerð yrði úttekt á reynslunni af breytingum á lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála eins og þeim var breytt með lögum nr. 36/1999. Í byrjun árs 2006 sendu umboðsmaður barna og Barnaverndarstofa bréf til dómsmálaráðherra þar sem þess var farið á leit að slík úttekt yrði gerð.

Aðgerðaráætlun gegn heimilisofbeldi og kynferðislegu ofbeldi

Í október samþykkti ríkisstjórnin, að tillögu félagsmálaráðherra og dóms- og kirkjumálaráðherra, að skoða að yrði með hvaða hætti standa mætti að gerð og framkvæmd heildstæðrar aðgerðaráætlunar

gegn heimilisofbeldi og kynferðislegu ofbeldi hér á landi. Lagt var til að sjónum yrði sérstaklega beint að börnum sem verða fórnarlömb kynferðislegs ofbeldis og var ráðinn sérstakur starfsmaður, Guðrún Frimannsdóttir framkvæmdastjóri barnaverndarnefndar Reykjavíkur, til þess að vinna að þeim hluta áætlunarinnar. Umboðsmaður átti fund með Guðrúnu og fór jafnframt á fund nefndarinnar, sem vinnur áætlunina og kom ábendingum sínum og sjónarmiðum á framfæri. Markmiðið með áætluninni er að styrkja barnaverndaryfirvöld, félagsmálayfirvöld, skóla, heibrigðiskerfið og lögregluna til að taka á málum, samhæfa vinnubrögð, verkferla og úrræði þessara aðila og efla fræðslu.

Vegalaus börn

Á alþjóðlegum vettvangi var nokkuð fjallað um mál-efni vegalausra barna á árinu, þ.e. börn sem finnast á landamærum án fylgdar forsjáraðila. Á fundi norrænna umboðsmanna barna í Kaupmannahöfn í júní og á ársfundi evrópskra umboðsmanna barna í Varsjá í september voru málefni þeirra tekin fyrir og ljóst að það færir mjög í vöxt að börn fari milli landa án þess að þau séu í fylgd með forsjáraðilum sínum. Umboðsmaður ákvað að skoða sérstaklega hvernig tekið er á málum þessara barna í lögum og framkvæmd þeirra hér á landi. Hildur Dungal, forstjóri Útlendingastofnunar, kom af því tilefni á fund umboðsmanns. Þess hefur ekki orðið vart að einstaklingar, sem sannanlega eru undir 18 ára aldri, komi til landsins án fylgdar forsjáraðila sinna. Hins vegar eru nokkur dæmi þess að börn komi hingað til lands í fylgd foreldra sinna og séu skilin eftir í umsjá vina eða vandamanna.

Á árinu 2004 fól dómsmálaráðherra starfshóp það hlutverk að útbúa aðgerðaráætlun um hvernig tekið skuli á málum vegalausra barna, komi þau upp og hefur reglugerð um útlendinga nr. 53/2003 verið breytt í samræmi við tillögur starfshópsins. Í aðgerðaráætlunni er ítarleg greining á hlutverkum og ábyrgð þeirra aðila sem að ferli hvers máls koma. Það eru lögregla, Útlendingastofnun, barnaverndarnefndir og Rauði kross Íslands auk Reykjanesbæjar, sem tekið hefur að sér umönnun þeirra sem sækja um hæli hér á landi og mun einnig taka að sér umönnun vegalausra barna meðan á málsmeðferð stendur.⁴

⁴ Hægt er að nálgast aðgerðaráætlunina www.domsmlaraduneyti.is/media/Skyrslur/skyrsla_um_vegalaus_born.pdf



Öll börn eiga rétt á að ganga í skóla og fá menntun við sitt hæfi.
Úr 28. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins

Skólamál

Mál er lúta að skólagöngu barna hafa ætíð verið fyrirferðarmikil hjá embættinu og má sem dæmi nefna ýmis réttindamál nemenda, samskipti forsjáraðila og skólastjórnenda og boðleiðir innan skólakerfisins.

Vinnuumhverfi barna í skólum

Á árinu 2004 stóð embættið fyrir úttekt á því hvort börnum væri í lögum tryggður réttur til öruggs og heilsusamlegs umhverfis í skólum. Niðurstaða hennar var sú að í íslenskum rétti eru ýmis lagaákvæði er varða vinnuumhverfi barna í skólum. Ekkert þeirra tekur þó á þessu efni á skýlausan hátt og hvorki fyrirfinnast nægilega virkar og öruggar eftirlitsheimildir, né heimildir börnum til handa til þess að kvarta, sé aðbúnaði ábótavant. Það var eitt af síðustu verkum fráfarandi umboðsmanns barna að senda skýrslu þessa félagsmálaráðherra með bréfi dagsettu 30. desember 2004. Nýr umboðsmaður sendi menntamálaráðherra skýrsluna í janúar 2005 enda átti hún ekki síður erindi til hans. Eftir að hafa kynnt sér efni skýrslunnar komst umboðsmaður að þeirri niðurstöðu að eðlilegt væri að öll ákvæði um

skólann og réttindi og skyldur nemenda sé að finna á einum stað. Börn eru skólaskyld og því eðlilegt að þau og forsjáraðilar þeirra geti beint kröfum sínum (kvörtunum og tillögum til úrbóta) að þeim aðilum, er reka skólana. Of flókið og fyrirhafnarmikið geti verið að leita réttar þeirra fyrir öðru stjórnvaldi en því, er ábyrgð ber á skólalaldi. Umboðsmaður beindi því þeim tilmælum í bréfi til menntamálaráðherra í júlí að sett yrðu ákvæði í grunnskólalög, er tryggja rétt nemenda í þessum efnum.⁵

Á haustdögum var kynnt frumvarp menntamálaráðherra til laga um breytingar á grunnskólalögum þar sem m.a. var tekið tillit til þessara ábendinga umboðsmanns sem og nokkurra ábendinga fyrrverandi umboðsmanns barna. Í frumvarpinu er m.a. lögð sérstök áhersla á aukinn þátt nemenda í skólastarfinu með því að lögbundið verði að við hvern grunnskóla skuli starfa nemendaráð og þeim ætlað aukið hlutverk. Jafnframt er lagt til að lögfest verði ákvæði sem snúa að námsumhverfi nemenda og vellíðan þeirra í skólastarfinu.

"Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins."

2. mgr. 2. gr. grunnskólalaga nr. 66/1995

"Er erfitt að sjá til þess að börnum líði vel í skólum? Ég spyr út að því að vinkona mín er oft lögð í einelti. Hvað get ég gert til að hún verði ekki lögð í einelti?"

11 ára stúlka

"Hef ég ekki rétt á að fara í hvaða menntaskóla sem ég vil?"

15 ára stúlka

⁵ Hægt er að nálgast bréfið á www.barn.is undir liðnum fréttir



Börn eiga rétt á að segja hvað þeim finnst. Það á að spyrja börn áhlits. Það á að virða skoðun þeirra þegar ákvarðanir eru teknar í málum sem snerta þau, hvort sem það er heima, í skólanum, hjá stjórnvöldum eða hjá dómstólum.

Úr 12. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins

Öll börn eiga rétt á að lifa og þroskast á sem heilbrigðastan hátt.

Úr 6. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins

Fötluð börn eiga rétt á sérstökum stuðningi og vernd.

Úr 23. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins

Heildarendurskoðun grunnskólalaga

Vegna boðaðrar heildarendurskoðunar grunnskólalaga ákvað umboðsmaður að taka grunnskólalöggjöfina í heild sinni til sérstakrar skoðunar, þ.á.m. stjórnýslu skólakerfisins, skilgreiningar á réttindum og skyldum aðila og ákvæði um kennslu og þjónustu við nemendur með sérþarfir. Átti umboðsmaður m.a. fundi með fulltrúum Heimilis og skóla vegna þessa. Gert er ráð fyrir að heildarendurskoðun grunnskólalaganna verði lokið fyrir hluta árs 2007.

Málþing

Umboðsmaður barna sótti vorþing Grunns (félags starfsfólks á grunnskólaskrifstofum) sem haldið var 19. - 20. maí á Akureyri og hélt erindi um hlutverk umboðsmanns barna með tilliti til grunnskólanema.

Jafnframt sat umboðsmaður málþing Neistans - styrktarfélags hjartveikra barna - um skólagöngu hjartveikra barna og flutti þar erindi um réttindi langveikra barna varðandi nám samkvæmt íslenskum rétti og alþjóðlegum samningum, sem Ísland hefur fullgilt.⁶

Evrópuár um borgaravitund og lýðræði í skólastarfi

Árið 2005 var Evrópuár um borgaravitund og lýðræði í skólastarfi. Af því tilefni skipaði menntamálaráðherra landsnefnd til að sjá um framkvæmd verkefnisins og áttu fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samstarfsnefndar háskólastigsins, Heimilis og skóla, Félags framhaldsskólanema, Sambands íslenskra æskulýðsfélaga, Æskulýðsráðs ríkisins, Kennarasambands Íslands og umboðsmanns barna sæti í henni. Meðal verkefna landsnefndarinnar var að standa fyrir málþingi þann 30. maí sem átti að gefa ungu fólki tækifæri til þess að ræða um borgaravitund og lýðræði frá eigin sjónarhorni. Helstu niðurstöður málþingsins voru gefnar út í skýrslunni "Að lifa og læra í lýðræði".⁷

⁶ Hægt er að nálgast glærur umboðsmanns frá málþinginu á heimasíðu embættisins www.barn.is undir liðnum um embættið

⁷ Hægt er að nálgast skýrsluna á heimasíðu menntamálaráðuneytisins www.bella.mrn.stjr.is/utgafuskra/rit.adp?id=35028

Heilbrigðismál

Á undanförunum árum hafa málefni langveikra barna og barna sem greinast með hegðunar- og geðraskanir verið mikið til umfjöllunar eins og sjá má í fyrri ársskýrslum umboðsmanns barna. Margt hefur áunnist þó enn megi gera betur.

Langveik börn

Árið 2001 skipaði félagsmálaráðherra nefnd sem leita átti leiða til þess að auka rétt útvinnandi foreldra til greiðslna þurfi þeir að vera frá vinnu vegna langvarandi veikinda barna þeirra. Var skipun nefndarinnar í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna frá árinu 2000. Nefndin skilaði skýrslu til ráðherra í febrúar 2005 og lagði ráðherra fram frumvarp í byrjun desember um greiðslur til foreldra langveikra barna sem byggir á tillögum hennar. Umboðsmaður barna skilaði umsögn um frumvarpið til Alþingis um miðjan janúar 2006.⁸

Þá starfar nefnd fjögurra ráðuneyta, þ.e. heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis, sem fylgja á eftir fyrrnefndri stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna frá árinu 2000. Hlutverk hennar er m.a. að samræma aðgerðir sem falla undir fleiri en eitt ráðuneyti og stuðla að framgangi þeirra í ráðuneytunum. Umboðsmaður átti fund með nefndinni í desember þar sem réttindi og málefni langveikra barna voru rædd. Á fundinum vék umboðsmaður barna m.a. að nauðsyn þess að bæta aðgengi að upplýsingum um málaflokkinn, t.d. með miðlægum grunni. Það væri mikil réttarbót ef hægt væri að nálgast allar upplýsingar um málaflokkinn á einum stað. Þá ræddi umboðsmaður barna ýmis vandamál er tengjast löngum biðlistum í greiningu, en slíkt getur leitt til þess að börn verði af ýmis konar fjárhagsaðstoð eða annarri aðstoð sem þeim stæði ella til boða fengju þau greiningu strax. Jafnframt væri brýnt að börnum sem greindust með lífshættulega sjúkdóma eða fötlun og foreldrum þeirra stæði til boða félags- og sálfræðiráðgjöf, þ.e. áfallahjálp sem hjálpaði fólki fyrstu skrefin.

Hegðunar- og geðraskanir barna

Hegðunar- og geðraskanir barna eru vaxandi áhyggjuefni hér á landi sem á öðrum Vesturlöndum. Umboðsmaður barna hefur á undanförunum árum ítrekað vakið máls á

málefnum barna með geðræn vandamál og hvatt til þess að tryggð yrði heilbrigðisþjónusta fyrir þau í samræmi við þarfir þeirra. Mikið hefur áunnist í þessum málum en betur má ef duga skal.

Í lok árs 2003 skipaði heilbrigðisráðherra nefnd til þess að gera tillögur um skipulag heilbrigðisþjónustu við börn og unglunga með geðraskanir. Jafnframt tilkynnti hann að ráðinn yrði verkefnisstjóri til að gera tillögur um samþættingu þjónustu og meðferðarúrræða fyrir börn með geðraskanir. Kristján M. Magnússon, sálfræðingur, tók til starfa í febrúar 2004 og skilaði hann skýrslu til ráðherra í lok ágúst þ.á.

Í október 2004 fól heilbrigðisráðherra Miðstöð heilsvendrar barna að kanna stöðu og þarfir barna með langvinnan heilsuvanda í grunnskólum. Var markmið verkefnisins að greina eðli og umfang langvinnis heilsuvanda meðal grunnskólabarna, þá þjónustu sem í boði er og hvað þyrfti að bæta. Verkefnið tók ekki til þarfa barna sem falla undir ákvæði laga um málefni fatlaðra.

Á árinu 2005 voru skýrslur allra þessara aðila kynntar:

Í febrúar var skýrsla Kristjáns M. Magnússonar gerð opinber og var m.a. kynnt á ráðstefnu í Reykjavík.⁹

Skýrsla nefndar þeirrar er falið var að gera tillögur um skipulag geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn var skilað til ráðherra í nóvember 2005.¹⁰

Loks var skýrsla Miðstöðvar heilsvendrar barna lögð fram í desember 2005.¹¹

Niðurstöður skýrslna

Niðurstöður skýrslna framangreindra aðila eru í meginatriðum samhljóða en þær eru m.a. þessar:

- Vandinn er mikill og brýnt er orðið að taka á honum.
- Skilgreina þarf þjónustustig og skýra hlutverk og ábyrgð stofnana og starfstétta sem koma að málefnum barna með hegðunar- og geðraskanir.
- Bæta þarf samstarf og samskipti allra þeirra aðila sem vinna með einstök börn (þvert á fög, stjórnsýslustig og ráðuneyti), bæta boðleiðir og samhæfa þjónustu við börn.

8. Hægt er að nálgast umsögnina á heimasíðu embættisins www.barn.is undir liðnum lög og reglur.

9. Skýrsla Kristjáns M. Magnússonar: Samhæfing í málefnum barna og unglunga með geðraskanir. www.heilbrigdisraduneyti.is/media/Skyrslur/Lokaskyrla_KMM_Samhafing_tjonustu.pdf

10. Skýrsla nefndar sem skipuð var til þess að gera tillögur til heilbrigðisráðherra um skipulag heilbrigðisþjónustu við börn og unglunga með geðraskanir. www.heilbrigdisraduneyti.is/media/Skyrslur/BARNAGED-LOKASKYRSLA-NOV-2005.pdf

11. Skýrsla Miðstöðvar heilsvendrar barna: Grunnskólábörn með langvinnan heilsuvanda: Greining á þörf fyrir heilbrigðisþjónustu - www.heilsugaeslan.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=646

- Styrkja þarf grunnþjónustu við börn og fjölskyldur þeirra og efla þjónustu í nærumhverfi barnanna svo greina megi og taka á vanda þeirra sem fyrst.
- Síðast en ekki sist þarf að skilgreina betur rétt barna í þessu efni og styðja foreldra þeirra í því að ná honum fram.

Í skýrslum þessum er lögð rík áhersla á mikilvægi *snemmtækrar íhlutunar*, þ.e. að greina þurfi vanda barns sem fyrst og veita því þegar viðeigandi meðferð.

"Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti."

1. mgr. 65. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944

Þá sé afar brýnt að fylgja meðferð eftir með skipulegum hætti í nærumhverfi barnsins. Þau börn sem í hlut eiga hafa augljósan hag af snemmtækri íhlutun en jafnframt má leiða að því líkur að hún sé þjóðhagslega hagkvæm. Með henni aukast þroskamöguleikar barns til muna sem og líkur á að koma megi í veg fyrir að vandinn komi fram með vaxandi þunga á fullorðinsárum þess með auknum tilkostnaði samfélagsins. Jafnframt minnkar án efa álag í félagsmála-, heilbrigðis- og skólakerfunum.

Í raun eru kjöraðstæður fyrir hendi á Íslandi til þess að greina og taka skjótt á vandamálum barna m.a. vegna þess að hér er rekin góð heilsugæsla um allt land og ungbarnavernd á hennar vegum einstök að gæðum. Einnig er til þess að líta að samkvæmt hagskýrslum eru 94 % allra barna á aldrinum 3-5 ára í leikskólum og 40 % 0-2 ára barna

Skóli án aðgreiningar

Hegðunar- og geðraskanir barna hafa ekki einungis í för með sér mikið álag á börnin sjálf og fjölskyldur þeirra heldur og á skólana og allt starf þeirra. Ríkjandi skólastefna hér á landi - *skóli án aðgreiningar* - kveður á um að öll börn eigi rétt á að ganga í skóla í heimahverfi sínu, án tillits til andlegs og líkamlegs atgervis þeirra. Í fyrrnefndri skýrslu Miðstöðvar heilsuverndar barna kemur fram að tæpur fimmtungur barna er talinn eiga í langvinnum heilsuvanda af ýmsum toga. Geðrænir erfiðleikar (athyglisbrestur/ofvirkni, kvíðaröskun og þunglyndi) voru talin hrjá 7.4% grunnskólabarna. Skólakerfið þarf að vera í stakk búið til að mæta þörfum þessa hóps og ljóst er að heilsugæslu í skólum þarf að stórefla til að framfylgja megi þessari skólastefnu.

Börn njóta ekki jafnræðis

Stuðningur við barn er háður því skilyrði að fyrir liggja sérfræðigreining á vanda þess. Greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, hverskonar meðferð heilbrigðis- eða félagsmálastofnana og stuðningur í skóla veltur á einhverri slíkri greiningu. Oft er löng bið eftir "rétttri" greiningu og jafnvel mismunandi löng eftir því hve barn er gamalt og/eða eftir því við hvers konar vanda það á að stríða. Sveitarfélög gera mismunandi kröfur um hvort eða hvers konar greining þarf að liggja fyrir til að nemandi fái þann stuðning í grunnskóla sem hann hefur þörf fyrir. Ljóst er að börn njóta ekki jafnræðis í þessu efni. Það er óviðunandi og úr því þarf að bæta hið skjótasta.

Aðgerða þörf

Að mati umboðsmanns barna er afar brýnt að tekið verði á málefnum barna með hegðunar- og geðraskanir af festu. Tímabært er að hefjast handa um aðgerðir til að taka á þeim vanda, sem fyrir hendi er og skilgreindur hefur verið í framangreindum skýrslum. Nú er kominn tími til að framkvæma.



Börn og fjölmiðlar

Fjölmiðlar hafa gríðarmikil áhrif í íslensku samfélagi ekki síður á börn en fullorðna. Því varðar miklu að fjölmiðlar vandi val á því efni sem sérstaklega er ætlað börnum og sýni ekki efni sem vart getur talist við hæfi barna á þeim tíma sem ætla má að þau séu við sjónvarpstækin. Töluvert er um að haft sé samband við skrifstofu umboðsmanns barna vegna sjónvarpsefnis. Á þetta jafnt við um auglýsingar, þætti sem ætlaðir eru börnum og unglíngum sem og efni sem ekki verður talið við hæfi barna en er þó sýnt snemma á kvöldin.

Efni sem ekki er við hæfi barna

Sem dæmi má nefna að fjölmargar ábendingar vörðuðu sjónvarpsþáttinn *Strákarnir* sem sýndur var á Stöð 2 kl. 20, fjögur kvöld í viku. M.a. þótti fólki þátturinn í ýmsum tilvikum fara yfir mörk þess siðlegra og að í þættinum væri framkvæmt ýmislegt sem verið gæti skaðlegt börnum. Bent var á að þættirnir væru vinsælir og stjórnendur hans væru fyrirmyndir margra barna. Háttsemi þeirra hefði því mikil áhrif á þau. Nefnd voru dæmi þess að börn hermdu eftir því sem sýnt var í þáttunum án þess að gera sér grein fyrir afleiðingunum. Umboðsmanni barna barst afrit af bréfi sem foreldrafélög Brekkubæjarskóla og Grundaskóla á Akranesi sendu til Stöðvar 2, þar sem farið var fram á að þátturinn yrði færður aftur í dagskrá eða efni hans tekið til endurskoðunar. Umboðsmaður barna sendi Stöð 2 bréf þar sem tekið var undir þessi tilmæli foreldrafélaganna. Hið sama gerðu Heimili og skóli, landssamtök foreldra, en ekki var orðið við þeim.

Endurskoðun útvarpslaga

Að mati umboðsmanns barna þarf að taka 14. gr. útvarpslaga nr. 53/2000 um vernd barna gegn óheimilu efni til endurskoðunar. Þegar frumvarp til útvarpslaga var til umfjöllunar á Alþingi árið 2000 voru gerðar breytingar á 14. gr. þess. Í nefndaráli menntamálanefndar sagði að með þeim breytingum væri "fylgt nákvæmar orðalagi tilskipunar 89/552/EBE eins og henni hefur verið breytt með tilskipun 97/36/EB". Orðalag tilskipunarinnar var hins vegar ekki tekið upp orðrétt og er 14. gr. því ekki jafn skýr og nauðsynlegt væri. Úr því þarf að bæta og kom umboðsmaður barna þeirri skoðun sinni á framfæri við ýmis tækifæri, m.a. við menntamálaráðherra á fundi þann 1. febrúar 2006.

Auglýsingar í sjónvarpi

Embættinu bárust einnig margar ábendingar vegna auglýsinga í sjónvarpi, sem ýmist voru taldar beinast að börnum með ótilhlýðilegum hætti eða misbjóða þeim á annan hátt. Sem dæmi um auglýsingar sem umboðsmaður barna fékk sterk viðbrögð við voru auglýsingar Umferðarstofu í janúar, en þær ollu óhug, jafnt hjá börnum sem fullorðnum.

Ýmis ákvæði eru í lögum er varða auglýsingar og börn, m.a. útvarpslögum nr. 53/2000. Í janúar 2005 voru enn í gildi samkeppnislög nr. 8/1993 og í 22. gr. þeirra var kveðið á um auglýsingar (sjá nú 8. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins). Í tilefni af þeim ábendingum sem embættinu höfðu borist sendi umboðsmaður barna Samkeppnisstofnun bréf hinn 1. febrúar, benti á að þessar auglýsingar hlytu að teljast brot á 22. gr. samkeppnislaga og hvatti Samkeppnisstofnun til að kanna málið með hagsmuni barna og unglíngja í huga. Jafnframt var Umferðarstofu sent bréf. Sýningar auglýsinganna voru stöðvaðar á meðan Samkeppnisstofnun kannaði málið. Auglýsinganefnd (ráðgjafarnefnd samkeppnisráðs) komst að þeirri niðurstöðu þann 8. febrúar að auglýsingarnar brytu í bága við ákvæði 3. og 5. mgr. 22. gr. samkeppnislaga og beindi þeim tilmælum til Umferðarstofu að hætta allri birtingu umræddra auglýsinga. Umferðarstofa varð við þeim en áfrýjaði málinu til Samkeppnisráðs. Samkeppnisráð komst að niðurstöðu í málinu þann 24. maí (ákvörðun nr. 15/2005) og bannaði birtingu auglýsinganna.

Eins og áður segir eru ýmis ákvæði í lögum og reglugerðum er varða börn og auglýsingar en ljóst er að þau eru lítt kunn almenningi og jafnvel í viðskiptalífínu. Þessar réttarreglur þarf að kynna betur og fylgja því eftir að þær séu virtar. Við stofnun embættis talsmanns neytenda, sem tók til starfa um mitt ár, óskaði umboðsmaður barna þegar eftir samstarfi en um það er fjallað á öðrum stað í skýrslu þessari.

"Sjónvarpsstöðvum er óheimilt að senda út dagskrárefni, þar á meðal auglýsingar, sem gæti haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi dagskrárefni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi, á þeim dagskrártíma sem hætta er á að börn sjái viðkomandi efni."

1. mgr. 14. gr. útvarpslaga nr. 53/2000

"Útvarpsauglýsingar skulu þannig gerðar og fluttar að þær valdi ekki börnum siðferðilegum eða líkamlegum skaða. Í útvarpsauglýsingum er óleyfilegt að:

- a. hvetja börn til þess að kaupa vöru eða þjónustu með því að notfæra sér reynsluleysi þeirra eða trúgírni,*
- b. hvetja börn til þess að telja foreldra sína eða aðra á að kaupa vöru eða þjónustu sem auglýst er,*
- c. notfæra sér það sérstaka trúnaðartraust sem börn bera til foreldra, kennara eða annars fólks eða*
- d. sýna börn að tilefnislausu við hættulegar aðstæður."*

1. mgr. 20. gr. útvarpslaga nr. 53/2000

"Auglýsingar skulu miðast við að börn sjái þær og heyri og mega þær á engan hátt misbjóða þeim. Í auglýsingum verður að sýna sérstaka varkárni vegna trúgírni barna og unglunga og áhrifa á þau. Komi börn fram í auglýsingum skal þess gætt að sýna hvorki né lýsa hættulegu atferli eða atvikum er leitt geti til þess að þau eða önnur börn komist í hættu eða geri það sem óheimilt er."

3. - 5. mgr. 8. gr. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins nr. 57/2005

"Lögráða verða menn 18 ára. Lögráða maður er sjálfráða og fjárráða".

1. mgr. 1. gr. lögræðisлага nr. 71/1997

"Ófjárráða maður ræður ekki fé sínu nema lög mæli á annan veg... Ófjárráða maður ræður sjálfur sjálfsafafé sínu... gjafafé sínu...og því fé sem lögráðamaður hans hefur látið hann hafa til ráðstöfunar..."

Úr 1. - 4. mgr. 75. gr. lögræðisлага nr. 71/1997

"Ákvæði þessarar greinar heimila hvorki ófjárráða manni að stofna til skulda né veðsetja þá fjármuni sem þau taka til."

7. mgr. 75. gr. lögræðisлага nr. 71/1997



Fjármál barna og aukin markaðssókn

Árlega berast embætti umboðsmanns barna fjöldi ábendinga vegna fjármála barna og samskipta þeirra við fjármálastofnanir. Þá hefur umræða um ýmis konar markaðssókn sem beint er að börnum færst mjög í vöxt og finnst mörgum of langt seilst í þeim efnunum.

Fjármál barna

Sem dæmi um erindi sem berast vegna fjármála barna má nefna ábendingar um innheimtu fjárfra- na sem beint er að börnum frá einstaklingum, lög- aðilum og stofnunum. Samkvæmt lögræðislagum nr. 71/1997 er barn ófjárráða til 18 ára aldurs og fara foreldrar/forráðamenn fram að því aldursmarki með fjárhald þess. Frá þessari meginreglu laganna er þó gerð ein undanþága sem varðar ráðstöfunarrétt hins ólögráða á fjármunum sínum og samkvæmt henni er barni heimilt að ráðstafa sjálfsaf- og gjafafé sínu. Þrátt fyrir þessa undanþágu er skýrt kveðið á um það í lögunum að ófjárráða barni sé með öllu óheimilt að stofna til skulda. Samkvæmt framansögðu er því ljóst að óheimilt er að beina kröfu að barni, sem er ófjárráða fyrir æsku sakir, til innheimtu skulda. Á árinu beindi umboðsmaður barna þeim tilmælum til nokkurra aðila að beina fjárfra- og gjafafé vegna barna til forsjáradila þeirra og urðu flestir við þeim tilmælum.

Umboðsmaður barna hefur í gegnum tíðina lagt á það áherslu að fjármálastofnanir hagi viðskiptum sínum við börn í samræmi við ákvæði lögræðisлага og átti umboðsmaður á árinu fund með fulltrúum þeirra um það efni.

Aukin markaðssókn

Markaðssókn, er beinist að börnum og unglungum, hefur færst mjög í vöxt á síðustu árum og virðist sífellt ágengari og áhrifaríkari aðferðum beitt.

Á miðju ári 2005 var stofnað embætti talsmanns neytenda. Umboðsmaður barna hafði þegar samband við nýskipaðan talsmann neytenda og óskaði eftir samstarfi við hann í ljósi þess að á öðrum Norðurlöndum hafa sambærileg embætti átt gott samstarf í þessum efnunum. Ákveðið var að efna til opinberrar umræðu um hvort þörf og vilji væri fyrir að setja frekari mörk við markaðssókn gegn börnum og hafinn undirbúningur að málþingi á nýju ári. Fulltrúar frá Heimili og skóla komu síðar að þessari vinnu.

Í september sótti umboðsmaður barna ráðstefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um markaðs- setningu gagnvart börnum: *"Börn og unge som forbrugere"*, sem haldin var í Kaupmannahöfn.

Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur

Mikilvægur þáttur í starfi umboðsmanns barna er að veita Alþingi umsagnir um lagafrumvörp og tillögur til þingsályktunar er varða hagsmuni og réttindi barna. Jafnframt kemur fyrir að óskað sé eftir umsögn um drög að frumvörpum eða reglugerðum, sem eru til vinnslu í ráðuneytunum.

Umboðsmaður barna veitti á árinu umsagnir um eftirfarandi þingmál:¹²

- *Frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum, 67. mál, bann við limlestingu á kynfærum kvenna.* Umsögn dags. 19. janúar 2005.
- *Tillaga til þingsályktunar um sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18-24 ára, 73. mál.* Umsögn dags. 31. mars 2005.
- *Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 117/1993 um almannatryggingar, 587. mál, tannlæknakostnaður aldraðra, öryrkja og barna.* Umsögn dags. 6. apríl 2005.
- *Frumvarp til laga um breyting á nokkrum lögum á sviði sífjaréttar- sameiginleg forsjá barns o.fl., 279. mál.* Umsögn dags. 1. desember 2005.

Þá er umboðsmaður barna oft boðaður á fund þingnefnda. Þannig mætti umboðsmaður þann 10. mars á fund allsherjarnefndar vegna 67. máls - frumvarp um breytingar á almennum hegningarlögum - bann við limlestingu á kynfærum kvenna. Þá var á fundinum jafnframt fjallað um 72. mál - frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum - afnám fyrningarfrests vegna kynferðisbrota gegn börnum.



Kynning og fræðsla

Veigamikill þáttur í starfsemi umboðsmanns barna er kynning á hlutverki og starfsemi embættisins sem og fræðsla um réttindi barna á öllum sviðum. Slíkt er gert með ýmsum hætti og má þar nefna með upplýsingum á heimasíðu, heimsóknum í skóla og leikskóla, til félagasamtaka og stofnana og með erindum og ræðum á fundum og ráðstefnum. Á árinu sótti umboðsmaður fjölda funda og ráðstefna og flutti ávörp eða erindi á sumum þeirra sbr. samantekt í viðauka.

Fjölmiðlar

Fjölmiðlar leituðu töluvert til embættisins til að fá upplýsingar og leita eftir afstöðu umboðsmanns til ýmissa mála. Þá birtust viðtöl við umboðsmann í blöðum, tímaritum, sjónvarpi og útvarpi á árinu.

¹². Umsagnirnar er hægt að nálgast á heimasíðu embættisins www.barn.is undir liðnum lög og reglur.

"Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og upplýsingaskyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum þeirra. Þeim ber að búa börnum sínum viðunandi upplýsingastæður og gæta velfarnaðar þeirra í hvívetna. Aðrir sem koma að upplýsingum barna skulu sýna þeim virðingu og umhyggju"


2. mgr. 1. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002

"Barn á rétt á forsjá foreldra sinna, annars eða beggja, uns það verður sjálfráða og eru þeir forsjárskyldir við það. Foreldri sem fer eitt með forsjá barns síns er skylt að stuðla að því að barn njóti umgengni við hitt foreldri sitt nema hún sé andstæð hag og þörfum barns að mati dómara eða lögmæltis stjórnvalds."

5. mgr. 28. gr. barnalaga nr. 76/2003

Það er réttur hvers barns að þekkja báða foreldra sína, þótt þeir búi ekki saman. Foreldrar bera sameiginlega ábyrgð á velferð og öryggi barna sinna.

Úr 18. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins



Innlent samstarf

Embætti umboðsmanns barna átti á árinu gott samstarf við ýmsar stofnanir og félagsamtök. Þar sem embætti umboðsmanns barna er litið og starfsmenn fáir hefur umboðsmaður litið svo á að lykll að góðum árangri sé náð og gott samstarf við aðra þá aðila sem láta sig hagsmuni og velferð barna varða. Áður hefur verið vikið að samstarfi embættisins við talsmann neytenda og Heimili og skóla varðandi síaukna markaðssókn gagnvart börnum. Nefna má sem dæmi um önnur verkefni sem umboðsmaður barna vann að ásamt öðrum á árinu 2005:

Verndum bernskuna

Í janúar ákváðu biskup Íslands, forsætisráðherra og Velferðarsjóður barna að standa að sameiginlegu átaki undir heitinu "Verndum bernskuna". Á vormánuðum komu umboðsmaður barna og Heimili og skóli að undirbúningnum. Þann 7. september var átakanu svo hleypt af stokkunum í Rimaskóla í Reykjavík. Því var ætlað að standa í 10 mánuði og vekja samfélagið til umhugsunar um þau verðmæti sem falin eru í börnum þessa lands og jafnframt að koma á framfæri tíu hollráðum varðandi börn og barnaupplýsingum til allra foreldra og forráðamanna barna á Íslandi. Markmiðið var að efla hag íslenskra barna með því að auka umræðuna

um upplýsingaskyldur foreldra og forráðamanna og jafnframt um hvernig samfélagið eigi að styðja þá í því vandasama hlutverki: að ala upp barn og koma því manns. Heilræðin eiga að sjálfsgöðu erindi til samfélagsins alls því þó að aðalábyrgðin á velferð barnanna hvíli á foreldrunum er mikilvægt að allir leggist á eitt til að styrkja stoðir fjölskyldunnar og hlúa að börnunum. Gefinn var út bæklingur sem dreift var á öll heimili í landinu með heilræðunum 10 og umfjöllun um hvert þeirra.¹³ Þá var jafnframt opnuð heimasíðan www.verndumbernskuna.is.

Kynhegðun unglunga

Að frumkvæði landlæknis var samstarfshópi komið á fót til að fjalla um kynhegðun unglunga. Í tilefni umræðu um aukna klámvæðingu fjallaði hópurinn m.a. um nauðsyn umræðu um kynheilbrigði og fræðslu fyrir unglunga og forráðamenn þeirra. Í samstarfshópnum sátu auk umboðsmanns barna m.a. fulltrúar frá Landlæknisembættinu, Ástráði (forvarnarstarfi læknana), Barnaverndarstofu, framhaldsskólanemum, Heimili og skóla, Kennarasambandinu, Lýðheilsustöð, skólahjúkrunarfræðingum, Stígamótum og Þjóðkirkjunni.

13. Hægt er að nálgast bæklinginn á heimasíðu embættisins www.barn.is

HEILRÆÐI 1 :

Leyfum barninu að vera barn

HEILRÆÐI 2 :

Þorum að axla ábyrgð sem uppalendur

HEILRÆÐI 3 :

Viðurkennum barnið eins og það er

HEILRÆÐI 4 :

Verum til staðar fyrir barnið

HEILRÆÐI 5 :

Munum að rækta okkur sjálf

HEILRÆÐI 6 :

Hlífum barninu við ónauðsynlegu áreiti

HEILRÆÐI 7 :

Setjum foreldrahlutverkið í forgang

HEILRÆÐI 8 :

Veitum frelsi – en setjum mörk

HEILRÆÐI 9 :

Verum barninu mikilvæg

HEILRÆÐI 10 :

Verndum bernskuna



**VERNDUM
BERNSKUNA**

www.verndumbernskuna.is

Erlent samstarf

Erlendir aðilar leita í síauknum mæli til skrifstofunnar eftir upplýsingum um íslensk börn og aðstæður þeirra og er reynt að veita þær og liðsinna um hvar sé vænlegast að bera niður, hafi skrifstofan ekki tiltækar þær upplýsingar sem beðið er um hverju sinni.

Fundur norrænna umboðsmanna barna í Kaupmannahöfn 1. – 2. júní 2005

Embætti umboðsmanna barna á Norðurlöndum gegna öll svipuðu hlutverki samkvæmt lögum, en hins vegar eru embættin nokkuð mismunandi hvað varðar stærð og umgjörð. Árlegir fundir norrænna umboðsmanna barna eru mikilvægir fyrir þá sem gegna því starfi m.a. vegna sérstöðu embættanna. Það er því mikils um vert, að geta með þessum hætti haft samráð við aðra sem vinna við sömu eða svipaðar aðstæður.¹⁴ Umboðsmenn barna í Noregi, Svíþjóð og á Íslandi og formaður Barnaráðsins í Danmörku hittust í Kaupmannahöfn á árlegum fundi dagana 1.– 2. júní 2005. Á fundinum var fjallað um starfsemi embættanna á næstliðnu ári og jafnframt sérstaklega um eftirtalin efni:

- Skýrslugjöf landanna til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna.
- Samstarf umboðsmanna barna í Evrópu.
- Kosningaréttur til ungmenna undir 18 ára.
- Réttindi barna sem leita hælis sem flóttamenn.
- Valdbeiting starfsfólks í skólum og á dagvistarstofnunum.



Á myndinni eru f.v. Kjell Gustafsson, skrifstofustjóri umboðsmanns barna í Svíþjóð, Lena Nyberg, umboðsmaður barna í Svíþjóð, Klaus Wilmann, formaður Barnaráðsins í Danmörku, Ingibjörg Rafnar, Knut Haanes, skrifstofustjóri umboðsmanns barna í Noregi, Bente Ingvarsen, skrifstofustjóri Barnaráðsins í Danmörku.

Ársfundur ENOC í Póllandi 21. – 23. september 2005

Árlegur fundur samtaka evrópskra umboðsmanna barna (ENOC) var haldinn í Varsjá í Póllandi, dagana 21. – 23. september. Samtökin voru stofnuð 1997 og hefur aðildarríkjum fjölgað jafnt og þétt á síðustu árum. Í dag eiga 23 ríki Evrópu aðild að samtökunum, en jafnframt vinna samtökin náið með fulltrúum frá Evrópuráðinu og UNICEF.

Meginumræðuefni fundarins að þessu sinni voru þrjú:

- Réttur barns til fjölskyldu og hvernig hægt er að tryggja barni þann rétt þegar og ef skilja þarf barn frá fjölskyldu sinni.
- Vegalaus börn, þ.e. börn af erlendum uppruna sem eru án umsjár foreldra eða annarra forráðamanna.
- Áhrif fjölmiðla og auglýsinga á börn.

Á fundinum gafst umboðsmönnum tækifæri til að skiptast á skoðunum og upplýsingum um ofangreind umræðuefni auk ýmissa annarra málefna er varða réttarstöðu og hagsmuni barna. Þó margt skilji lönd Evrópu að - efnalega og menningarlega - eru mörg vandamál er lúta að börnum þau sömu og því gagnlegt þegar fulltrúar ólíkra ríkja ræða saman og miðla af reynslu sinni. Öll vilja ríkin auka velferð barna, gæta hagsmuna þeirra og tryggja þeim aukinn aðgang að samfélaginu í málefnum er þau varða.

Fundur með mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins

Mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins, Alvaro Gil-Robles kom í heimsókn til Íslands dagana 4. – 6. júlí 2005. Óskaði hann m.a. eftir fundi með umboðsmanni barna. Heimsóknin var liður í undirbúningi að skýrslu hans til Evrópuráðsins um mannréttindi og taldi hann nauðsynlegt í því samhengi að kanna hvort börn nytu sömu réttarverndar hér á landi og fullorðnir. Var fundurinn haldinn þann 6. júlí í húsakynnum umboðsmanns barna og hófst hann á því að saga embættisins var rakin, hlutverk þess og valdmörk. Þá var rætt á breiðum grundvelli um réttindi barna á Íslandi. Meðal þess sem bar á góma voru ungir fangar, nýbúar, barnaverndarmál, forsjármál, vinna barna, trúfélög og staða fatlaðra og langveikra barna.

Í kjölfar heimsóknarinnar var gefin út skýrsla þar sem tilmælum um hvað mætti betur fara er beint til íslenskra stjórnvalda. Í skýrslunni er meðal annars að finna hvatningarorð til íslenskra stjórnvalda um að efla embætti umboðsmanns barna.¹⁵

14. Heimasíða norska umboðsmannsins www.barneombudet.no, heimasíða sænska umboðsmannsins www.bo.se, heimasíða Barnaráðsins í Danmörku, www.boerneraadet.dk
15. Hægt er að nálgast skýrslu mannréttindafulltrúans www.coe.int/t/commissioner/default_EN.asp undir liðnum *country visits*

Aðrir erlendir gestir

Fleiri erlendir gestir komu á fund umboðsmanns barna. Má þar nefna Lisa Kieran, stjórn málaerindreka bandaríska sendiráðsins en hún heimsótti umboðsmann þann 14. september vegna skrifa um málefni barna í *Human Rights Report 2004*. Fjórir Japanir frá *Dokkyo University*

Law School (Office for the Establishment of the Legal Center for Children) og *General Research Institute of the Convention on the Rights of the Child*, heimsóttu umboðsmann þann 17. október vegna rannsóknarferðar til Íslands á vegum menntamálaráðuneytis Japan. Þá heimsótti breski sendiherrann Alp Mehmet skrifstofuna þann 15. desember.



Útgefið efni



Eins og fyrr sagði var átaksverkefninu *Verndum bernskuna* hleypt af stokkunum í september. Þeir sem stóðu að því voru forsætisráðuneytið, Þjóðkirkjan, Velferðarsjóður barna, umboðsmaður barna og Heimili og skóli. Gefinn var út bæklingur með heilræðum átaksins sem sendur var á öll heimili í landinu.



Í nóvember kom út bókin *Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna* en hún er afrakstur málþings sem haldið var á vegum umboðsmanns barna og rektors Háskóla Íslands í nóvember 2004. Markmið málþingsins var að leiða saman almenning og fagfólk af ólíkum fræðasviðum til að skiptast á skoðunum, staðreyndum og hugmyndum um málefni barna og unglunga. Ritið spannar mörg fræðasvið og hefur að geyma 36 fræðileg erindi um stöðu og hagi barna og unglunga á Íslandi, auk formála og lokaávarps. Háskólaútgáfan sér um dreifingu.

Stefnumótun í málefnum barna og unglunga

Í október 2001 skipaði forsætisráðherra nefnd um heildstæða stefnumótun í málefnum barna og unglunga samkvæmt ályktun Alþingis frá 11. maí þ.á. Þess má geta að fyrrverandi umboðsmaður barna hafði ítrekað beint þeim tilmælum til stjórnvalda að unnið yrði að slíkri stefnumótun. Skýrsla nefndarinnar var kynnt í upphafi árs og má finna hana á heimasíðu forsætisráðuneytisins.¹⁶ Að tillögu formanns nefndarinnar fól forsætisráðherra nefnd, sem hann skipaði til að meta stöðu íslensku fjölskyldunnar – fjölskyldunefndinni svokölluðu – að fara yfir þær tillögur sem fram koma í skýrslunni. Umboðsmaður barna hvetur forsætisráðherra til að leggja hið fyrsta fram heildstæða stefnu í málefnum barna og unglunga í samræmi við fyrrnefnda ályktun Alþingis.

¹⁶ Hægt er að nálgast skýrsluna á www.forsaetisraduneyti.is/utgefid-efni/nr/1777

Viðauki

Heimsóknir:

Umboðsmaður barna heimsótti á árinu fjölmargar stofnanir og félagssamtök. Má þar nefna:

- Barnaverndarstofu,
- Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins,
- UNICEF,
- Miðstöð heilsuverndar barna,
- Leikskólann Bakkaborg í Reykjavík,
- Lýðheilsustöð,
- Heimili og skóla,
- Rannsóknir og greiningu,
- Rauða kross Íslands,
- Reykjavíkurdéild Rauða krossins,
- Hjálparsímann 1717,
- Tótalráðgjöf Hins hússins,
- Fjölsmiðjuna,
- Sjónarhól (Þroskahjálp, Umhyggju, ADHD samtökin, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Fjölskyldumiðstöð),
- Barnahús,
- Neyðarmóttöku Landspítala Háskólasjúkrahúss.

Þá heimsótti umboðsmaður danska þjóðþingið og fékk kynningu á sérstakri dagskrá þess, sem ætluð er ungu fólki.

Fundir og ráðstefnur:

Umboðsmaður barna og starfsmenn embættisins sóttu fjölmarga fundi og ráðstefnur um málefni barna og ungmenna:

- "Tengslaröskun ættleiddra barna og fósturbarna" - námsstefna (janúar).
- "Hegðunarvandi og geðraskanir barna og unglinga -Forvarnir, meðferð og samþætting þjónustu" - Ráðstefna (febrúar).
- "Öll heimsins börn"- ráðstefna um þjónustu við börn og ungmenni af erlendum uppruna á vegum Reykjavíkurborgar, Alþjóðahússins og Fjölmenningsráðs (febrúar).
- "Drengjamening í grunnskólum" – málþing haldið af sveitarstjórnnum Garðabæjar, Mosfellsbæjar, Seltjarnarness og Reykjanesbæjar, Menntamálaráðuneyti, KHÍ og Heimili og skóla (febrúar).
- "Líðan, hegðun og félagslegar aðstæður 11-18 ára barna innan barnaverndar" - málstofa hjá Barnaverndarstofu (febrúar).

- "Nemendalýðræði, lífsleikni og mannréttindafræðsla" - fræðslufundur Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur. Umboðsmaður barna flutti erindi um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (mars).
- "Stefna og þróun meðferðarmála á Íslandi" - málþing FÍUM - félags íslenskra uppeldis- og meðferðarstofnana fyrir börn og unglina (mars).
- "Málefni innflytjenda" - rannsóknarþing haldið í samstarfi Alþjóðahúss, Rauða kross Íslands, HÍ og KHÍ (mars).
- "Fljótandi skil leik- og grunnskóla" - málþing menntamálaráðherra (apríl).
- "Tengsl tölvuleikja og ofbeldis" - fræðslufundur samstarfshópsins Náum áttum. Umboðsmaður barna með erindi (apríl).
- "Úr hlekkjum til frelsis. Heimilis- og kynferðisofbeldi gegn börnum og unglimum" - ráðstefna Blátt áfram (apríl).
- "Boð og bönn í auglýsingum" - ráðstefna ÍMARK. Umboðsmaður barna með innlegg (apríl).
- "Hvernig á að skilgreina hugtakið barnaverndarmál" - málstofa Barnaverndarstofu (apríl).
- "Er foreldrahlutverkið hindrun í atvinnulífinu - jafnvel fyrir pabba?" - morgunverðarfundur Félagsfræðingafélags Íslands þar sem kynntar voru niðurstöður nýrra rannsókna um samþættingu fjölskyldulífs og atvinnu (apríl).
- "MST- Multisystemic Therapy- Fjölpáttameðferð" - Ráðstefna Barnaverndarstofu (maí).
- "Þroskaraskanir barna- hvað hefur áunnist?" - vorráðstefna Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Umboðsmaður barna kynnti starfsemi embættisins (maí).
- "Vorþing Grunns" - félags starfsfólks á grunnskólaskrifstofum á Akureyri. Umboðsmaður barna flutti erindi um embættið og skólamál (maí).
- "Völd til kvenna. Fjármál - fjölskyldur - frami" - fundur á Bifröst á vegum tengslanets kvenna. Umboðsmaður barna stjórnaði pallborðsumræðu um samræmingu vinnu og fjölskyldulífs (maí).
- "Verndum bernskuna" - verkefninu ýtt úr vör í Rimaskóla. Umboðsmaður barna flutti ávarp (september).
- "Tilkynningarfundir - ný nálgun í könnun barnaverndarmála" - málstofa Barnaverndarstofu (september).
- "Börn og unge som forbrugere" - ráðstefna Norrænu ráðherranefndarinnar um markaðssetningu gagnvart börnum í Kaupmannahöfn (september).
- "Nám í nútíð og framtíð: Þælt í PISA" - málþing Rannsóknarstofnunar KHÍ um rannsóknir, nýbreytni og þróun (október).
- "Jafnrétti, fordómar, áhrif" - málþing á vegum Ungmennaráðs Vesturbæjar og Reykjavíkurráðs ungmenna v/ dags lýðræðis á vegum Evrópuráðsins (október).
- "Karlar, konur og ofbeldi" - málþing RANNÍS í tilefni af norrænu rannsóknarverkefni (október).
- "Krakkarnir í hverfinu" - brúðuleiksýning Blátt áfram í Breiðholtsskóla (október).
- "Neytendafræðsla fyrir börn" - kynning viðskiptaráðherra á samnorrænu verkefni (október).
- "Lögreglurannsókn kynferðisbrotamála" - hádegisfundur Stígamóta (október).
- "Mér um hug og hjarta nú" - málþing Neistans - styrktarfélags hjartveikra barna. Umboðsmaður barna flutti erindi um skólagöngu langveikra barna (október).
- "Árangursmiðuð heilsuvernd barna" - haustráðstefna Miðstöðvar heilsuverndar barna. Umboðsmaður barna flutti ávarp (nóvember).
- "Hvenær gilda stjórnsýslulög - Hvaða ákvarðanir eru stjórnsýsluákvæðanir?" - málþing Íslandsdeildar Norræna stjórnsýslusambandsins (nóvember).
- "Niðurstöður kannana á notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna meðal framhaldsskólanema" - kynningarfundur Lýðheilsustöðvar og Rannsóknar og greiningar (nóvember).
- "Hefur markaðssetning áfengis áhrif á neyslu" - fræðslufundur samstarfshópsins Náum áttum (nóvember).
- "Aðgerðaráætlun um ofbeldi gegn konum og börnum (heimilisofbeldi) - fundur á vegum nefndar ríkistjórnarinnar (desember).
- "Ungt fólk 2004" - fundur Menntamálaráðuneytis og Rannsóknar og greiningar til að kynna niðurstöður rannsóknarinnar (desember).
- "Börn og kynferðisbrot - framburður barna fyrir dómi" - málstofa Barnaverndarstofu (desember).



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Laugavegur 13 – Sími 552 8999 – Gjaldfrjálst númer 800 5999 – Fax 552 8966
Netfang: ub@barn.is – Veffang: www.barn.is